

Erindi vegna heimasíðu sveitarfélagsins

Ég hef oft verið að vafra í gegnum heimasíðuna og tekið eftir því hversu úrbóta þörf hún er, ég hef tekið saman nokkra hluti sem mér finnst að megi bæta og eflaust eru þeir fleiri. Langar að taka þetta mál fyrir á fundi og fá svör við; hver sér um heimasíðuna? Hversu oft er farið yfir hana og uppfærðir tenglar?

Ég legg til að sveitarfélagið geri hana meira heillandi og farsímavænni þar sem nánast ómögulegt er að leit á henni í gegnum síma og nógu erfitt er það nú fyrir, uppsetning og tenglar eru að mínu mati úreltir og væri einfalt að bæta úr þessu, vantar fleiri myndir og myndbönd að mínu mati til þess að gera hana meira heillandi.

Hér fyrir neðan ætla ég síðan að taka út nokkur dæmi sem mér finnst þarfnast úrbóta.

1. Finnst mér að allar lóðir sem eru lausar ættu sjálfkrafa að uppfærast inn á þennan tengil og upplýsingar með þeim, ekki er nógu mikið gagnsæi í þessum málum og tekur nokkurn tíma að fá almennilegar upplýsingar um lóðir. Einnig mætti skoða að uppfæra inn á þennan tengil þegar hús fara á sölu í sveitarfélaginu. Einnig er þetta ekki heillandi tengill þar sem engar myndir eru og uppsetning ekki aðlaðandi.

Skemmtileg síða sem hægt er að hafa til fyrirmyndar er <https://www.olfus.is/is/thjonustan/byggingarmal/lausar-lodir> en þar eru þau með til hliðar tengla inn á skipulagsmál og fleiri flýtleiðir til að auðvelda fólki leit af upplýsingum.

Að flytja í sveitarfélagið

Vertu velkomin til okkar í sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahrepp

Að flytja í sveitarfélagið

Í sveitarfélaginu er leikskólinn gjaldfrjálss í Brautarholti, Þjórsárskóli er grunnskóli upp í 7. bekk og nú eru rúmlega 40 nemendur þar.

Flúðaskóli tekur svo nemendur frá 8. – 10 bekk og er þeim ekið þangað daglega.

Tvær sundlaugar eru í sveitarfélaginu Nes laug í Árnosi og Skeiðalaug í Brautarholti.

Útivistarperlan Þjórsárdalur er í sveitarfélaginu.

Góð aðstaða er fyrir hestaferðir þar sem sex fjallaskálar eru í sveitarfélaginu

Hallarmúli, Klettur, Hólaskógur, Gljúfurleit, Bjarnalækjarbotnar og Tjarnarver.

Kynningarmyndband [hér](#)

Í Árnosi eru lausar nokkrar einbýlishúsalóðir.

Í Brautarholti eru einnig nokkrar lausar lóðir.

Flest hús í sveitarfélaginu hafa heitt vatn og stærstu veiturnar eru:

Hitaveitufélag Gnúpverja ehf sem þjónar Gnúpverjahreppi að mestum hluta

Hitaveita Brautarholts þjónar þéttbýliskjarnanum í Brautarholti

Hitaveita frambæja þjónar neðsta hluta Gnúpverjahrepps og efsta hluta Skeiða.

[Eyðublöð fyrir framkvæmdir frá Byggingarfulltrúa](#)

[Eyðublöð frá RARIK](#)

[Verðskrá RARIK fyrir tengigjöld](#)

2. Heimasíðan er ekki heillandi og koma eingöngu helstu fréttir þar fram og eitthvað smávegis í viðbót, mér finnst við geta uppfært heimasíðuna og gert meira aðlaðandi og með tengla í flýtleiðir sem líklegt er að fólk vilji finna, dæmi um flottar heimasíður sem ég fann hjá öðrum heimasíðum eru;

- <https://reykjavik.is/>
- <https://www.olfus.is/>
- <https://www.kopavogur.is/>
- <https://www.hafnarfjordur.is/>

3. Tenglar eru ekki aðlaðandi og erfitt að flakka um, maður þarf að ýta á hvern tengil til að sjá undirtengla sem gerir fólki erfitt fyrir, hér má sjá muninn hjá okkur og Hafnarfirði.

The screenshot shows the website www.hafnarfjordur.is. At the top, there are navigation menus: ÞJÓNUSTA, STJÓRNKERFIÐ, SVEITARFÉLAGIÐ, ÍBÚAGÁTT, and SKREF 1. Below these is a grid of links: Netndir og ráð, Sveitarstjórn 2018 - 2022, Fundargerðir, Skrifstofa sveitarfélagsins, Reglur og samþykktir, Gjaldskrár, Eyðublöð og umsóknir, Ársreikningar og Fjárhagsáætlanir, and Aðalskipulag. The main content area is titled 'Nefndir og ráð' and includes a form for submitting comments. A sidebar on the right lists 'Valmöguleikar' (options) such as 'Nefndir og ráð', 'Afréttarmálanefnd Gnúpverja 2018 - 2022', etc. At the bottom, there are more navigation menus: ÍBÚAR, MANNLÍF, HAFNARFJÖRDUR, STJÓRNSÝSLA, and MÍNAR SÍÐUR. A search bar is located at the top of the main content area. The footer contains several columns of links categorized by 'Skólar og börn', 'Íþróttir og útivera', 'Félagsþjónusta', 'Umhverfið', 'Dagforeldrar', 'Atvinna', 'Samgöngur', and 'Skipulag'.

SKREF 3

Allt ferlið í einu skrefi.

Ég gæti talið áfram en að mínu mati þarf að fara í miklar úrbætur á heimasíðunni og nútímavæða hana en á sama tíma gera hana gagnsæa.